



# HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

BIFRÖST UNIVERSITY

## Viðbrögð auglýsenda ef RÚV verður tekið af auglýsingamarkaði

*Niðurstöður nýrrar rannsóknar kynntar á málstofu 30. maí nk. kl. 09:00-10:30  
í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35.*

Viðskiptadeild Háskólans á Bifröst heldur í samstarfi við Ímark og Samband íslenskra auglýsingastofa, SÍA, málstofu um viðbrögð auglýsenda verði RÚV tekið af auglýsingamarkaði.

Á málþinginu verða kynntar niðurstöður nýrrar rannsóknar sem Ragnar Már Vilhjálmsson, aðjúntkt við viðskiptadeild Háskólans á Bifröst hefur leitt og beinist að væntum viðbrögðum auglýsenda, s.s. varðandi skiptingu markaðsfjár og breyttra áherslna í birtingarstarf, hverfi RÚV af auglýsingamarkaði.

Rannsóknin var gerð á meðal markaðsstjóra hér á landi í lok apríl sl. og beinist að viðhorfum þeirra til viðfangsefnisins m.t.t. þátta á borð við skiptingu markaðsfjár og breyttra áherslna í birtingarstarfi.

Dagskrá málstofunnar er eftirfarandi:

Kl. 09:00	Brynjar Þór Þorsteinsson, lektor við Háskólann á Bifröst, setur málstofuna.
Kl. 09:10	Ragnar Már Vilhjálmsson, aðjúntkt við Háskólann á Bifröst, kynnir niðurstöðu nýrrar rannsóknar um viðbrögð auglýsenda verði RÚV tekið af auglýsingamarkaði
Kl. 09:30	Pallborðsumræður Þátttakendur eru Hjalti Harðarson, markaðsstjóri Landsbankans, Þyrí Dröfn Konráðsdóttir markaðsstjóri N1, Ingibjörg Ásdís Ragnarsdóttir framkvæmdastjóri sölu og þjónustu hjá VÍS og Þorgrímur Ingason birtingastjóri Birtingahússins.
Kl. 10:30	Dagskrárlök

Málstofan er öllum opin og er áhugafólk um málefni íslenska auglýsingamarkaðarins hvatt til að koma og kynna sér niðurstöður rannsóknarinnar. Húsið opnar kl. 08:30. Þá verður einnig unnt að fylgjast með málstofunni í [beinu streymi á FB-síðu Háskólans á Bifröst](#).